

LÖG

um breytingu á lögum um mannvirki, nr. 160/2010, með síðari breytingum (faggilding, frestur).

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. tölul. ákvæðis til bráðabirgða í lögunum:

- a. 1. másl. verður svohljóðandi: Mannvirkjastofnun og byggingarfulltrúar hafa eftirfarandi frest til að afla sér faggildingar í samræmi við ákvæði 19. gr.:
 - a. frest til 1. janúar 2019 til að afla sér faggildingar til að yfirfara séruppdrætti og annast úttektir,
 - b. frest til 1. janúar 2020 til að afla sér faggildingar til að yfirfara aðaluppdrætti.
- b. Í stað ártalsins „2018“ í 3. másl. kemur: 2020.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 29. desember 2017.

Guðni Th. Jóhannesson.

(L. S.)

Guðmundur Ingi Guðbrandsson.